

ER-hefðin

UNNIÐ MEÐ BÖRNUM

Greinargerðin - VERKLÝSING

(vægi 10%)

Þið þurfið þið að skila texta sem er 5-8 bls. og er niðurstaða rannsóknar ykkar sem á að vera sérstök eða sérstök sýn á dagbækur ykkar og djúpvíðtölin liggja til grundvallar textanum.

Munið að frumlegheit eða sérstök sýn á viðfangsefnið getur hækkað einkunn ykkar.

Uppbyggingin er þessi:

- I. Forsíða - Hér er möguleiki á frumleika og sköpun en upplýsingarnar sem eiga að koma þar fram eru: (a) nafn áfanga, (b) viðfangsefni, (c) að þið séuð í MH og (d) nafn ykkar.
- II. Inngangur þar sem þið reifið: (a) hvert viðfangsefni ykkar er, (b) hvað sé sérstakt við ykkar sýn á þetta viðfangsefni, (c) hvernig það tengist námsefni áfangans, (d) hver reynslan var af því að vinna þetta verkefni og (e) hvernig samvinna ykkar og barnanna var.
- III. Meginmálið - Þarf ekki að vera mjög formlegt en því skýrari Framsetning.
 - a. Hér reifið þið hvernig þetta gekk fyrir sig. Þið reynið að leyfa börnunum að stala sjálflega gegnum texta ykkar og dragið fram skýrlega staði í dagbókarfærslum ykkar.
 - b. Mat . kom eitthvað á óvart í þessari vinnu með börnum og bókum?
 - c. Viðfangsefnið í ljósi uppeldisfræðikenningar. Þið beitið einni slíkri kenningu úr námsefninu á viðfangsefnið.
- IV. Lokaorð - Hér greinið þið frá:
 - a. Helstu niðurstöðum úr meginmálinu í stuttu máli (=samantekt).
 - b. Persónulegar skoðanir ef einhverjar eru.
 - c. Mat á börnunum og vinnuframlagi þeirra og hvernig þið staunðuð þeim fyrir aðstoð þeirra við þessa verkefnavinnu.
 - d. Tillögur til úrbóta á þessu verkefni.

e. Mat á þessu rannsóknarverkefni sem slíku.

V. Heimildaskrá

Varðandi skráningu einstakra heimilda í heimildaskrána, sjá nánari upplýsingar á kennsluvef í upplýsingalæsi.

Tilgangurinn

Tilgangurinn með þessu verkefni er í rauninni tvíþættur. Í fyrsta lagi að beita *Verstehen* Max Webers og eigindlegum rannsóknum. Í öðru lagi að skrifa skýran texta á mannamáli um viðfangsefni uppeldisfræðinnar.

1. Ef eitthvað er óljóst eða ef eitthvað vefst fyrir ykkur við vinnslu þessa verkefnis gefst tækifæri til að ræða það í seinni tímanum á mánudögum.

Auk þess getið þið talað við mig þegar ég er með stoðtíma í dagskólanum á miðvikudögum kl. 14:30 til 15:30 eða á fimmtudögum kl. 11:10 til 12:00 í Urðarbrunni.



Ekki gleyma Búdda

Ef þú snýrð í rétta átt dugir að halda göngunni áfram!

Besta byrjunin er að taka eitt skref í einu!